

# Námskrá Krógabóls

3 ára börn



# Námskrá Krógabóls

---

Krógaból er heilsuleikskóli sem leggur áherslu á lífsleikni, málrækt og sköpun í daglegu starfi. Við vinnum eftir námskrá Krógabóls sem byggir á *Aðalnámskrá leikskóla*.

Í námskrá Krógabóls er unnið út frá ákveðnum hornsteinum þ.e. heilsu, lífsleikni, málrækt og sköpun. Inn í þessa fjóra þætti fléttast námssvið *Aðalnámskrár leikskóla*; læsi, heilbrigði og vellíðan, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni og sköpun.

Stefna Krógabóls er að börnin tileinki sér lífsleikni í gegnum allt nám leikskólans. Lífsleikni byggist á alhliða þroska, færni til samskipta og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu. Lögð er áhersla á að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á hreyfingu, næringu og sköpun í leik og starfi.

Námsleiðir í leikskóla eru fjölbreyttar en leikurinn er alltaf aðalnámsleiðin og sú sem lögð er mest áhersla á. Í gegnum leikinn öðlast börn reynslu, auka við þekkingu sína og læra að eiga samskipti hvert við annað og ráða fram úr ágreiningsefnum. Samhliða leiknum gefast mörg tækifæri til náms í gegnum daglegt starf.

## **Skóli fyrir alla**

Krógaból er staðsett nálægt endurhæfingarstöðinni Bjargi og Síðuskóla en þar er sérdeild fyrir einhverf börn. Krógaból hefur sérhæft sig í að taka á móti börnum með fjölfötlun en einnig hefur mikið verið unnið með skipulögð vinnubrögð (TEACCH). Lögð áhersla á að kennarar á Krógabóli horfi á námsþarfir barna, styrkleika og leitist við að finna leiðir sem virka fyrir hvern og einn einstakling. Við teljum mikilvægt að allir fái að vera með og upplifi sig sem hluta af skólasamfélaginu. Á Krógabóli er haft að leiðarljósi að öll börn óháð getu, kyni, tungumáli og þjóðerni séu jafn rétthá og fái sömu tækifæri í leikskólanum.

# Lífsleikni

## Lífsleikni

Kennsluefnið okkar í lífsleikni heitir *Lífsleikni í leikskóla* og var það samið af kennurum leikskólanna Krógabóls, Síðusels og Sunnubóls. Stefna Krógabóls er að börn tileinki sér lífsleikni í gegnum allt nám leikskólans. Lífsleikni byggist á alhliða þroska, færni til samskipta, rökrænni tjáningu og virðingu fyrir umhverfinu.

## Markmið lífsleikninnar eru:

- Að börnin verði sjálfstæðir einstaklingar og öðlist trú á eigin getu.
- Að börnin tileinki sér innri aga og séu fær um að sýna kurteisi og samkennd.
- Að börnin temji sér virðingu fyrir umhverfi sínu og leikefni.
- Að börnin læri að þekkja tilfinningar sínar og að hafa taumhald á þeim.

## Námsleiðir:


Lífsleikni er kennd með hjálp dygða í verkefnavinnu, leik og í gegnum daglegt starf. Allt starf leikskólans litast af dygðum og lífsleikni er sem rauður þráður í öllu okkar starfi.

## Kennsluskipulag:

Á Krógabóli er unnið með dygðir í starfinu alla daga, leitast er við að nota heiti dygðana í fjölbreyttum aðstæðum en með því móti teljum við að börnin tileinki sér best inntak þeirra. Teknar eru fyrir ákveðnar dygðir á skólaárinu og unnin verkefni í tengslum við þær. Gerðar eru dygðaskráningar og kennsluefnið *Lífsleikni í leikskóla* notað.

Dygðirnar sem unnið er með eru: Vinsemd, kurteisi, hugrekki, þolinmæði, sköpunargleði, glaðværð, ábyrgð, hjálpssemi, hófsemi, áreiðanleiki, virðing og samkennd.

## Lífsleikni í Krógabóli



### Námsmarkmið í lífsleikni – 3 ára börn:

| Lífsleikni  | Sjálfbærni  | Jafnrétti og lýðræði   | Læsi í víðum skilningi  |
|---|---|--|---|
| Gefa börnunum góðan tíma til að leika sér.  | Virkja hópana í endurvinnslu, flokka og tína rusl.          | Frelsi til að vera maður sjálfur. Enginn er eins.  | Vera vakandi fyrir að grípa hugmyndir barnanna og vinna með þær áfram.  |
| Kenna börnunum samskipti.   | Á fjögurra mánaða fresti flokka börnin rusl í leikskólanum. | Vinna með sögur sem fjalla um jafnrétti og mannréttindi.   | Kenna börnunum helstu umferðareglur og umferðarmerki  |
| Gefa börnunum tækifæri til að tjá sig.  | Endurvinna efnivið innan leikskólans.                       | Kenna börnunum að tjá skoðanir sínar án þess að særa aðra.   | Fara í fjöruferð.   |
| Kenna börnunum að bera virðingu fyrir líkama sínum og annarra                                 |   | Efla börnin sem einstaklinga, fá þau til að horfa á sig og aðra með jákvæðum augum                                     | Fara í heimsókn á bókasafnið einu sinni á önn ef tækifæri gefst. Taka bækur heim í leikskólann sem við lesum.                 |
| Dygðakennsla Verkefni unnum úr kennsluefninu tengd þeirri dygd sem við á hverju sinni.        |   | Spjalla í hópastarfi. Gefa börnunum tækifæri til að tjá sig og kenna þeim að hlusta á aðra.                            | Vinna með árstíðirnar. Tína lauf og vinna með þau, fjalla um mismunandi veður. Upplifa breytileika náttúrunar eftir árstíðum. |
| Kenna sjálfshjálp í fataherbergi og á salerni. Auk þess frágang.                              |   | Börnin fá daglega tækifæri til að velja sér viðfangsefni, hvar þau vilja leika sér, með hverjum og með hvaða leikföng. | Vera vakandi fyrir að grípa hugmyndir barnanna og vinna með þær áfram.  |
| Kenna börnunum reglur leikskólans, aukin áhersla á þessa vinnu í september og aftur í janúar. |   | Börnin fá að taka ákvarðanir og læra velja bæði hvert fyrir sig en einnig sem hópur.                                   |   |
| Kenna börnunum að taka við og gefa hrós.  |   |  |   |

# Heilbrigði og vellíðan

---

## Heilbrigði og vellíðan – heilsuleikskólinn

Krógaból er heilsuleikskóli og aðili að samtökum heilsuleikskóla. Í leikskólanum er heilsuefling höfð að leiðarljósi. Markmið heilsustefnunnar er að venja börn strax í barnæsku við heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífsstíl þeirra til framtíðar. Lögð er áhersla á hreyfingu, fræðslu og að börnin fái hollan og næringarríkan mat úr sem flestum fæðuflokkum daglega.

## Markmið heilsustefnunnar eru:

- Að stuðla að andlegri og líkamlegri heilsu og vellíðan barna.
- Að stuðla að heilsueflingu með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik.

## Námsleiðir:

Heilsustefnan litar allt starf leikskólans. Skipulagðar hreyfistundir, dagleg hreyfing og útivist. Fræðsla og gott mataræði.


## Kennsluskipulag:

Börnin fara daglega í útiveru og allar deildir fara í göngu/vettvangsferðir minnst einu sinni í viku. Vikulega fara börnin í hreyfistund í sal þar sem unnið er að ákveðnum markmiðum. Auk þess er farið reglulega í íþróttir Síðuskóla og íþróttasvæðið við Bogann heimsótt. Í leikskólanum eru settar upp þrautabrautir og farið í hreyfileiki. Árlegir viðburðir eru *Alþjóðlegur heilsudagur barna* og skólahlaup í maí.

Fræðsla um hollt mataræði og heilbrigða lífshætti fer fram í daglegu starfi en einnig í gegnum verkefnavinnu og hópastarf. Unnið er að því að auka vitneskju barna um líkamann, styrkja sjálfsmynd þeirra, stuðla að betri hreyfifærni og mikilvægi slökunar og hvíldar.

Lögð er áhersla á jákvæð samskipti og að börn og kennarar sýni hvert öðru umhyggju í leik og starfi. Einnig er lögð áhersla á að kenna börnunum daglega umhirðu sem við kemur hreinlæti, matmálstímum og umgengni.

## Heilbrigði og vellíðan í Krógabóli



### Námsmarkmið í heilbrigði og vellíðan – 3 ára börn:

| Heilsa  | Hreyfing   | Næring   | Vellíðan   |
|---|--|--|--|
| Fræðsla um mataræði. Holt og óholt. Ræða um hvaðan maturinn kemur.  | Dagleg útivera.  | Hvetja börnin til að smakka fjölbreyttan mat.                                      | Jákvæð dagleg samskipti.                                       |
| Fræðsla um mikilvægi hreyfingar.  | Hreyfileikir í daglegu starfi.   | Kenna börnunum að nota mataráhöld.   | Læra að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.              |
| Auka líkamsvitund barnanna með því að kenna þeim heiti á líkamshlutum, skoða bækur um líkamann og skoða sig í spegli. | Fara reglulega í skipulagða hreyfileiki, bæði úti og inni. Reynt að opna milli deilda fyrsta föstudag í hverjum mánuði og útbúa þrautabraut. | Setja grænmeti á diska barnanna í hverjum matmálstíma og hvetja þau til að smakka. | Kenna börnunum aga og að fara eftir reglum skólans.            |
| Fræðsla um tannheilsu í tannverndarvikunni.   | Skipulögð hreyfing í sal einu sinni í viku.  | Bjóða upp á ávaxtastund á milli mála.  | Kenna félagshæfni, leik og samskipti.                          |
| Kenna börnunum mikilvægi hreinlætis.  | Hreyfing í íþróttasal Síðuskóla um það bil einu sinni í mánuði.  |  | Hrósá, gefa hlýju og snertingu.                                |
| Fara í vettvangsferð í verslun og skoða úrvalið.  | Fara í markvissar gönguferðir þar sem áhersla er lögð á að þjálfa þol, jafnvægi og styrk.  |  | Slökun<br>Nudd, jóga, lestur við lítið ljós og róleg tónlist.  |
|   | Fara a.m.k. einu sinni í viku í vettvangsferð.   |  | Kenna börnum að setja orð á tilfinningar og bregðast við þeim. |
|   | Fara einu sinni á önn í Bogann ef tækifæri gefst.  |  | Efla sjálfstæði einstaklingsins.                               |
|   | Krógabólshlaup á Þórsvelli í maí.  |  |  |
|   | Alþjóðlegur heilsudagur barna – 1. október, uppkoma í tilefni dagsins.   |  |  |

# Sköpun

---

## Sköpun

Börn hafa mikla þörf fyrir að skapa. Sköpunargleðin og ímyndunaraflíð fá best að njóta sín í gegnum leik með fjölbreyttan efnivið. Sjálft sköpunarferlið skiptir meira máli en útkoman þ.e.a.s. að fá að prófa sig áfram með efnivið, gera tilraunir og þjálfra upp færni á eigin forsendum. Sköpun getur farið fram í gegnum leik, umræður, hreyfingu, tónlist, leiklist, myndsköpun, dans o.s.frv.

## Markmið sköpunar eru:

- Að efla forvitni og sköpunargleði barna.
- Að ýta undir sjálfstraust og ímyndunarafl barna.

## Námsleiðir:


Sköpun er hluti af heilsustefnunni og stór þáttur í leikskólastarfinu. Í daglegu starfi er unnið með myndlist, tónlist og önnur listform eftir því sem við á. Lögð er áhersla á að börnin fái tækifæri til að prófa sig áfram, gera tilraunir, þjálfra upp færni og efla sjálfstraust. Leikurinn er skapandi námsleið, í gegnum hann geta börn prófað sig áfram og skapað ævintýraheima.

## Kennsluskipulag:

Einu sinni í viku fara börnin í listasmiðju þar sem unnið er með fjölbreyttan efnivið á skapandi hátt. Í hópastarfi er unnið með sköpun á markvissan hátt þar sem börnin eru hvött til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða. Fastir liðir á hverjum vetri eru t.d. vinna með tónlistarvagninn, jólagjafir handa foreldrum, listsköpun út frá dygðunum og vorsýning. Stundum fæðast hugmyndir í dagsins önn sem unnið er með í leik og starfi.

Í daglegu starfi hafa börnin aðgang að skriffærum, skærum, litum, pappír og öðrum efniviði sem þau geta notað við sköpun inni á deild.

## Sköpun í Krógabóli



### Námsmarkmið í sköpun – 3 ára börn:

| Sköpun  | Myndsköpun  | Tónlist  | Menning   |
|---|---|--|---|
| Leggja áherslu á og gefa tíma fyrir frjálstan leik. | Vinna verkefni í listasmíðju einu sinni í viku.                 | Söngstund daglega.   | Vikulegar vettvangsferðir.  |
| Kenna grunnfærni í hlutverkaleik.                   | Börnin búa til hristur eða annars konar hljóðfæri eftir áramót. | Vinna með takt, t.d. að klappa nöfn barnanna.                                    |   |
| Dans einu sinni í viku á föstudögum.                | Vinna myndlistaverkefni tengd dygðum og stefnum leikskólans.    | Hringleikir, dans og hreyfileikir a.m.k. einu sinni í viku.                      | Fjölmening: skoða þjóðfána þeirra barna sem eru tvítýngd í hópnum |
|   |   | Börnin fá tækifæri til að skapa eigin tónlist, bæði í söng og með hljóðfæraleik. | Vinna með íslensku húsdýrin.                                      |
|   |   |  | Börnin taka þátt í að undirbúa ýmsar hátíðir og viðburði.         |
|   |   |  | Fræða börnin um íslenskar hefðir og venjur.                       |



# Málrækt og vísindi

---

## Málrækt

Málrækt er samofin daglegu starfi í leikskólanum en einnig er unnið með ýmis verkefni sem miða að því að auka skilning og hæfni barna til að tjá sig og koma hugmyndum sínum á framfæri.

## Markmið málræktar eru:

- Að gefa börnum tækifæri á að kynnst tungumálinu og möguleikum þess á fjölbreytilegan hátt í leik og starfi.


## Námsleiðir:

Í daglegu starfi og leik gefast mörg tækifæri til að vinna með málið t.d. í gegnum umræður, hlutverkaleiki, samverustundir, borðvinnu, skipulagt starf og lestur. Í dagsins önn er unnið með orðaforða barna með því að setja orð á athafnir og hluti. Málræktin fléttast inn í allt starf leikskólans.

## Kennsluskipulag:

Unnið er málrækt í leikskólanum bæði í gegnum dagleg samskipti en einnig í samverustundum og skipulögðum tímum. Í hópastarfi og málörvunartímum fer fram markviss vinna með málið þar sem ákveðin verkefni eru tekin fyrir sem tengjast málrækt, stærðfræði og vísindum. Námið er miðað að aldri og þroska barna og mikið lagt upp úr að námið fari fram í gegnum leik. Daglega er lesið fyrir börnin í litlum og stórum hópum og kenndar vísur, þulur og sönglög.

## Málrækt og vísindi í Krógabóli



### Námsmarkmið í málrækt og vísindum – 3 ára börn:

| Málrækt  | Málskilningur   | Máltjáning  | Hljóðkerfisvitund  |
|--|---|---|--|
| Lesi og syngja með börnunum daglega.                                 | Lesi bækur, útskýra erfið orð, ræða um innihald bókanna, spá fyrir um framhaldið. Skoða bókakápur og myndir í bókum. Markmiðið að geta hlustað á lestur í 10 mínútur. | Kenna börnunum að svara algengustu spurningum sem börn á þeirra aldri eru spurð að.             | Klappa samstöfur í nöfnum og hlutum.   |
| Öll börn eiga Lubba-bein með stafnum sínum.                          | Vinna með örsögur.  | Óbein leiðrétting - herma eftir með réttu.  | Æfa hlustun, með lestri og leikjum.  |
| Myndrænt dagskipulag alltaf sýnilegt fyrir börnin.                   | Kenna litina.   | Kenna ég og þú.   | Athyglisleikir sem æfa t.d. minnið.  |
| Vinna með spil, myndir og málræktarefni af Veggnum í daglegu starfi. | Efla orðaforða. Fara sérstaklega yfir orðaforða sem tengist tilfinningum, veðri, fjölskyldu, líkamshlutum og dýrum.   | Lengja setningar barnanna með því að endurtaka það sem þau segja og bæta inn meiri upplýsingum. | Vinna með rím, byrja með bull rím og færa sig svo yfir í að ríma algeng orð. |
| Myndrænn stuðningur við hegðun.                                      | Kenna hugtök: Eiginleikahugtök, staðsetningarhugtök, tímahugtök og andstæð hugtök   | Kenna börnunum samræðu, horfa í augu, hlusta og tala til skiptis.                               | Læra vísur, þulur og sönglög.  |
|  | Vinna með yfirhugtök og æfa börnin í að flokka eftir þeim.  | Setja orð á hluti og athafnir.  | Vinna með stafina og hljóðin þeirra.   |
|  | Vinna með tvær vísur/þulur t.d. úr vísnaðabókinni og úr bókum Þórarins Eldjárns   | Vinna með tjáningu, t.d. með <i>hvað gerir þú ef eða hvað gerir þú þegar...</i> spurningum.     | Kenna börnunum að skrifa stafinn sinn.                                       |

|  |  |  |  |
|--|--|--|--|
|  |  | Sögugrunnurinn, vinna með myndir og orð, húa til sögur |  |
|--|--|--|--|



| Bærskulæsi   | Stærðfræði  | Vísindi  |
|--|---|--|
| Gera ritmál sýnilegt.  | Raða, para saman og flokka.   | Vinna með verkfærakassa þar sem börnin geta rannsakað og unnið með ýmsa hluti s.s. skrúfur og nagla. |
| Veita börnunum frjálstan aðgang að pappír og skriffærum.   | Kenna hugtök sem tengjast stærðum, t.d. lítill, stór, langur, stuttur, margir o.s.frv.                          | Hafa vísindaviku eftir áramót. Setja upp vísindastöðvar þar sem Lóan og Spóinn vinna saman.          |
| Gera bókum hátt undir höfði í starfinu.  | Kenna stærðfræðileg tákni og mynstur. 3 ára læra fimm form: Hringur, ferningur, þríhyrningur, stjarna og hjarta | Vinna með ólíkan efnivið í leik og starfi.   |
| Lesi alls kyns efni fyrir börnin, kenna þeim að hægt er að lesi ritmál hvar sem það kemur fyrir. | Vinna með tölustafi og talnaskilning frá 1-5.   |  |
|  | Kenna talnarununa upp í 10.   |  |